



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

6. júní 2024

Umsögn um þingskjal 1130.mál: Breyting á ýmsum lögum um framhald á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ

Fyrir hönd Marine Collagen ehf. geri ég athugasemd við Breyting á ýmsum lögum um framhald á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Marine Collagen er nýsköpunarfyrirtæki sem vinnur gelatín og kollagen úr fiskiroði. Félagið hóf starfsemi árið 2020 og hefur verið í örum vexti síðan þá. Félagið hefur ekkert getað unnið síðan 10.nóvember.

Félagið selur afurðir sínar að miklu leyti í stórum sölum. Oft tekur meira en mánuð að framleiða upp í pöntun, þannig að sveiflur í tekjum eru miklar milli mánaða. Skv. 4.gr. laga nr. 15/2024 um tímabundna rekstrarstuðninginn skal miða tekjufall við sama mánuð ári fyrr. Þó segir þar einnig að „[v]ið sérstakar aðstæður má nota annað tímabil til viðmiðunar sýni rekstraraðili fram á að það gefi betri mynd af tekjufalli hans en viðmiðunartímabil skv. 1.–2. málsl. Að jafnaði skal þá miða við tekjur í sama almanaxsmánuði tveimur árum áður.“

Vegna sveiflukenndrar sölu sendi Marine Collagen inn beiðni um að fá að nota meðaltal tveggja samliggjandi mánaða sem viðmið fyrir tekjufall, frekar en sama mánuð tveimur árum fyrr þar sem félagið hefur verið í miklum vexti. Þrátt fyrir að hafa verið tjáð af þingmönnum að okkar tilfelli félli undir sérstakar aðstæður var beiðni okkar hafnað. Af því leiðir að félagið hefur aðeins getað nýtt rekstrarstyrkinn þrjá af fyrstu sex mánuðum úrræðisins, þrátt fyrir að engin framleiðsla hefur verið síðan 10.nóvember og þær litlu tekjur sem við höfum haft er vegna sölu úr birgðum.

Þar sem að Lög um tímabundinn rekstrarstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 15/2024 eru ekki að nýtast fyrirtækjum sem skildi, þá er athugasemd mín beiðni um að breytingarnar á lögnum verði afturvirkar til þess dags er hamfarirnar hófust.

Nóg er óvissan um framtíðina án þess að félög falli milli skips og bryggju vegna túlkunar á lögnum, og geti ekki nýtt þær líflínur sem stjórnvöld hafa kastað. Með því að gera breytingarnar afturvirkar, þá eru fyrirtæki að fá smá aðstoð upp í tekjufallið og viðbótarkostnaðinn sem fylgt hefur ástandinu. Og meiri líkur á að fyrirtæki geti spyrnt sér aftur upp.

F.h. Marine Collagen ehf.

Erla Ósk Pétursdóttir

Framkvæmdastjóri